

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2023
Tilvísun: 2023030534/SBM

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um einföldun á ferli umsókna um sérstök útgjöld vegna barns (299. mál).

1.

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 15. mars 2023 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um einföldun á ferli umsókna um sérstök útgjöld vegna barns (þskj. 303, 299. mál á 153. löggjafarþingi).

Með tillögunni er lagt til að fela dómsmálaráðherra að flýta þróun rafrænna samskipta og einfalda ferli umsókna hjá sýslumanni um sérstök útgjöld vegna barns. Áhersla verði lögð á að auðvelda aðgengi milli ríkisaðila að upplýsingum og gögnum vegna umsókna um sérstök útgjöld.

Persónuvernd gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

2.

Persónuvernd áréttar mikilvægi þess að verði gerðar breytingar á lögum og/eða reglugerðum í tengslum við efni þingsályktunartillögunnar verði frá upphafi verði hugað að kröfum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Þær upplýsingar sem þingsályktunartillagan varðar geta í mörgum tilvikum geta talist viðkvæmar eða viðkvæms eðlis, auk þess sem þær varða börn. Í því sambandi skal tekið fram að persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2018 og reglugerðar (ESB) 2016/679.

Því er nauðsynlegt að tryggt verði að hverjar þær breytingar sem kunna að vera gerðar á lögum og/eða reglugerðum fullnægi kröfum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerðar (ESB) 2016/679. Meðal annars er vakin athygli á eftirfarandi þáttum:


- Að tryggt verði að heimildir til vinnslu persónuupplýsinga, almennra persónuupplýsinga jafnt sem viðkvæmra, séu skýrar og afmarkist við þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru.
- Að tryggt verði að farið sé að meginreglum laga nr. 90/2018, m.a. hvað varðar að persónuupplýsingar séu unnar með sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða, að þær séu fengnar í skýrt tilgreindum tilgangi og ekki unnar í öðrum ósamrýmanlegum tilgangi, að þær séu ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar og að viðunandi öryggi upplýsinganna sé tryggt.




- Að metið verði hvort þörf sé á að gera mat á áhrifum á persónuvernd, sbr. 29. gr. laga nr. 90/2018 og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, að teknu tilliti til umfangs og eðlis þeirrar vinnslu sem um ræðir.
- Að tryggt verði að öryggi við vinnslu persónuupplýsinga verði með fullnægjandi hætti og að öllu leyti í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679, ekki síst ef um verður að ræða vinnslu í rafrænum upplýsingakerfum eða öðrum starfrænum lausnum. Þá er nauðsynlegt að öryggið sé tryggt frá fyrsta degi.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni þingsályktunartillögunnar. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Steinunn Birna Magnúsdóttir


Helga Sigríður Þórhallsdóttir